

## **Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.**

Haldinn 5. febrúar 2019.

Staður: Fundarsalur Íþróttamiðstöðin Björk.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 18.35.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Viðar Halldórsson, Ingvar Kristinsson, Hörður Þorsteinsson, Jóhann Óskar Borgþórsson, Ragnar Hilmarsson, Karl Georg Klein, Magnús Gunnarsson og Sveinn Sigurbergsson. Gestir: Jelena Kospenda HFH, Atli Már Sigurðsson DÍH, Ásta Rut Jónasdóttir Björk og Þórarinn Sófusson GSE.

### **Dagskrá:**

#### **1. Kynning á International Childrens Games**

JÓB kynnti verkefnið sem er Ólympíuverkefni sveitarfélaga / borga fyrir börn á aldrinum 12-15 ára. Reykjavík er eina íslenska borgin sem er aðili að mótinu. Reykjavík hélt mótið árið 2007. Samþykkt að vera í samráði / samvinnu við Reykjavík (ÍBR) ef einhverjar íþróttagreinar vilja kynna sér þátttöku á mótinu.

#### **2. Ljósmyndakeppni um íþróttamynd ársins í Hafnarfirði 2019**

Samþykkt að byrja undirbúning og vinna drög að keppnisreglum fyrir næsta stjórnarfund ÍBH.

#### **3. Undirbúningur 51. þings ÍBH 2019**

Farið yfir stöðuna á undirbúningnum, samþykkt að hafa engan viðburð í hádegishléi.

#### **4. Tillaga um breytingu á viðbragðsteymi ÍBH 2019**

Samþykkt að Karl Georg Klein stjórnarmaður í ÍBH komi inn í staðin fyrir Þórunni Ansnes fyrrverandi stjórnarmann ÍBH.

#### **5. Ósk frá aðildarfélögum ÍBH um hlutlaust netfang hjá Óháðu fagraði Hafnarfjarðarbæjar**

Samþykkt að ÍBH óski eftir því við Hafnarfjarðarbæ að móttökunetfangi verði breytt í nafnlaust netfang t.d. [ohadfagrad@hafnarfjordur.is](mailto:ohadfagrad@hafnarfjordur.is).

#### **6. Tillaga um aukna næringarfræðslu innan aðildarfélaga ÍBH**

Samþykkt að starfsmenn ÍBH vinni verkefnið áfram í samvinnu við aðildarfélögin.

#### **7. Tekin fyrir að nýju aðildarumsókn BÍlklúbbs Hafnarfjarðar að ÍBH**

Félagið er búið að endurbæta lög sín frá fyrri umsókn og hefur nú íþróttaiðkun á stefnuskrá sinni. Samþykkt að inntökugjald félagsins inn í ÍBH sé kr. 50.000.

#### **8. Fundur stjórnar Afreksmannasjóðs ÍBH 29. janúar sl.**

IK formaður stjórnar Afreksmannasjóðs ÍBH kynnti efni fundarins. Heildarúthlutun ársins 2018 var kr. 13.835.000. Tekjur sjóðsins 2018 voru kr. 10.500.000 frá Hafnarfjarðarbæ og kr. 1.500.000 frá ÍBH. Samþykkt var að skuldfæra kr. 1.870.000 á árið 2018 sem greiðist árið 2019. Tekjur 2019 kr. 11.000.000 frá Hafnarfjarðarbæ og þing ÍBH í maí nk. ákveður framlag ÍBH 2019, stefnt að því að hækka það fyrir árið 2019 og samþykkja þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn á þinginu. Samþykkt var

að hafa óbreytta reglugerð fyrir Afreksmannasjóð ÍBH fyrir árið 2019 og staðfesti stjórn ÍBH þá samþykkt. Komið hefur fram tillaga um að breyta nafni sjóðsins úr Afreksmannasjóði ÍBH í Afrekssjóð ÍBH og verður tillagan lögð fyrir 51. þing ÍBH 11. maí nk.

**9. Nafnabreyting á íþróttafélagi**

Nafni Knattspyrnufélagsins Ásvöllum var hafnað af hálfu ÍSÍ. Nöfn félaga mega ekki vera bundin við ákveðið heimilisfang. Það á að leitast við að binda ekki nöfn félaga þrengra en við bæjarfélög eða landshluta. Nýtt nafn félagsins er Knattspyrnufélagið Ásvellir, skammstafað KÁ og er félagið skráð í 4. deild í knattspyrnu hjá KSÍ.

**10. Drög að starfsmannalista 51. þings ÍBH 2019**

Lagður fram til kynningar.

**11. Ársþing og tilnefningar til heiðrana ÍSÍ**

Lagt fram til kynningar og vísað til orðunefndar ÍBH.

**12. 74. Íþróttþing ÍSÍ – fyrra fundarboð**

Lagt fram til kynningar. Skilafrestur tillagna er 5. apríl nk. Framboðsfrestur til forseta- og stjórnarkjörs er 12. apríl nk.

**13. Fundur með félögum, Björk, DÍH, HFH og GSE**

Fulltrúar frá félögunum mættu á fundinn og ræddu starfsemi og baráttumál félaganna við stjórn ÍBH.

**14. Önnur mál**

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.